

Sp.

131. Tillaga til þingsályktunar

[127. mál]

um hagnýtingu orkulinda landsins til stóriðju.

Flm.: Geir Hallgrímsson, Albert Guðmundsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Eggert Haukdal, Egill Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Friðrik Sophusson, Guðmundur Karlsson, Halldór Blöndal, Jósef H. Þorgeirsson, Lárus Jónsson, Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen, Ólafur G. Einarsson, Pétur Sigurðsson, Salome Þorkeldsdóttir, Steinþór Gestsson, Sverrir Hermannsson, Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að

- 1) hagnýta skuli orkulindir landsins til stóriðju svo að auka megi atvinnu um land allt og bæta lífskjör þjóðarinnar;
- 2) í því skyni verði stefnt að því að koma á fót a. m. k. 3—4 nýjum stóriðjuverum á næstu 15 árum á þeim stöðum á landinu þar sem þess er þörf og staðhættir og aðrar aðstæður henta, enda sé hægt að flytja þangað nægilega orku á hagkvæman og öruggan hátt. Auk þess skal stefnt að því að stóriðjuverin, sem fyrir eru í landinu, verði stækkuð sem fyrst;
- 3) við uppbyggingu stóriðju verði haft samstarf við innlend og erlend fyrirtæki, sem hafa yfir að ráða nauðsynlegri tækniþekkingu, markaðsstöðu og fjármagni. Í samstarfssamningum við þau og samningum um eignaraðild að stóriðjuverum skal fara eftir edli hvers máls og aðstæðum á hverjum tíma. Í öllum slíkum samningum skal að því stefnt, að innlendir aðilar, sem þess óska, geti þegar í upphafi átt hlut í stóriðjufyrirtækjum og geti, þegar fram líða stundir, keypt hlut hinna erlendu aðila í þeim;
- 4) forgöngu um hagnýtingu orkulinda landsins til stóriðju skuli hafa sérstök nefnd, stóriðjunefnd, skipuð 7 mönnum, sem kjörnir séu hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Nefndin kys sér formann úr hópi nefndarmanna;
- 5) stóriðjunefnd skuli eiga frumkvæði að og samræma samningaviðræður milli virkjunaraðila og annarra innlendra aðila annars vegar og stóriðjufyrirtækja hins vegar um eignaraðild, orkusölu, staðsetningu stóriðjuvera o. fl. og gera á grundvelli þeirra tillögur til ríkisstjórnar um framkvæmdir, sem hún telur rétt að stofna til;
- 6) stóriðjunefnd skuli hafa samstarf við stjórnvöld, stofnanir orkukerfisins, umhverfismála, efnahags- og fjármála svo og rannsóknastofnanir. Skal hún notfæra sér þjónustu þessara aðila, eftir því sem við verður komið. Á vegum hennar skal að jafnaði hvorki stunda rannsókn- og þróunarstarfsemi á sviði iðnaðar- og orkumála né aðra starfsemi, sem aðrir opinberir aðilar hafa með höndum. Heimilt er nefndinni að leita samstarfs við hvern þann aðila, sem hefur sérþekkingu á málum er varða störf hennar. Opinberum aðilum er skylt að veita nefndinni hverjar þær upplýsingar, sem hún óskar;
- 7) stóriðjunefnd ráði sér framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn að fengnu samþykki nefndarinnar;
- 8) kostnaður af starfi stóriðjunefndar greiðist úr ríkissjóði;
- 9) stóriðjunefnd skuli skila árlega skýrslu til Alþingis um störf sín.

Greinargerð.

Íslenska þjóðin stendur nú á tímamótum í atvinnumálum. Hún á að baki mörg stórverkefni, allt frá því að uppbygging sjávarútvegsins í nútímahorf hófst í byrjun aldarinnar. Auðæfi þjóðarinnar, sem fólgin eru í fiskstofnum og landgæðum, hafa verið undirstaða atvinnuuppbyggingar fram að þessu, en aðeins lítill hluti þeirra auðlinda, sem þjóðin á í vatnsföllum og jarðvarma, hefur verið virkjaður. Nú er þörf stórhuga framkvæmda í orkumálum og blasa við aðkallandi verkefni við stórvirkjanir á Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi. Jafnframt þarf að hyggja að byggingu virkjana á Vesturlandi og Vestfjörðum með tilliti til rekstraröryggis orkukerfisins. Slík virkjunaráform eru forsenda þess, að landið allt verði áfram byggt. Það aðgerðarleysi, sem ríkt hefur á þessu sviði, stefnir lífskjörum þjóðarinnar í framtíðinni í voða. Sjálfstæðisflokkurinn telur, að næsta stórátak þjóðarinnar í atvinnumálum eigi að vera að byggja upp stóriðju, sem geti beint og óbeint staðið undir atvinnu að minnsta kosti helmingss þess fjölda fólks sem bætist við á vinnumarkað á næstu tveim áratugum. Í þessu skyni verði unnið að því að koma á fót þremur til fjórum nýjum stóriðjuverum. Auk þess verði stóriðjuverin í Straumsvík og á Grundartanga stækkuð sem fyrst. Til að tryggja hagkvæmustu rekstrareiningar stóriðjuveranna þurfa síðan að koma til frekari virkjanir. Þegar þessu marki hefur verið náð verður u. þ. b. helmingur af hagkvæmasta vatnsafli landsins beislaður.

Framkvæmdahraði miðist fyrst og fremst við atvinnuþörf þjóðarinnar og byggðaaætlunar. Með þessu vill Sjálfstæðisflokkurinn hefja nýja sókn í virkjunarmálum og beita sér fyrir uppbyggingu stóriðjuvera, sem geti orðið vaxtarbroddur atvinnuuppbyggingar um land allt.

Fyrir forgöngu Sjálfstæðisflokksins fóru landsmenn inn á braut stóriðju með stofnun Álversins í Straumsvík og byggingu Járnblendiverksmiðjunnar að Grundartanga. Við Íslendingar höfum því nú þegar nokkra reynslu í þessum efnum. Stóriðjustefna Sjálfstæðisflokksins hefur þegar sannað gildi sitt og gefur mikil fyrirheit í framtíðinni.

Hins vegar hefur nú um skeið ekki notið forustu Sjálfstæðisflokksins í þessum efnum. Því eru viðkomandi stjórnvöld um þessar mundir ráðlaus og aðgerðalaus í stóriðjumálum, þar sem ekki er um að ræða beint skilningsleysi eða andstöðu við allar framkvæmdir í þessu efni. Hefur kveðið svo rammt að þessu, að hin svokallaða stóriðjunefnd, sem um árábil starfaði undir forustu ríkisstjórnarinnar, hefur verið lögð niður og þar með bundinn endir á skipulagsbundinn undirbúning að stóriðjuframkvæmdum. Við þetta má ekki lengur sitja, svo mikið er í húfi fyrir alla landsmenn.

Með tilliti til þessa báru sjálfstæðismenn fram á síðasta þingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótun í stóriðjumálum. Tillaga þessi var svipuð þeirri, sem nú er flutt, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Með tillögu þessari var lögð áhersla á, að í orkulindum landsins væri að finna grundvöll að nýrri sókn til betri lífskjara, líkt og sjávarútvegurinn hefði verið í upphafi þessarar aldar. Bætt lífskjör og atvinnuöryggi landsmanna væri höfuðmarkmið þeirrar atvinnustefnu, sem fylgja þyrfti. Væri því meginverkefnið nú að hagnýta hin gífurlegu verðmæti, sem fólgin væru í orkulindum landsins. Í því efni væri mest um vert að móta stefnuna í stóriðjumálum með það fyrir augum að hagnýta orkulindir landsins til framleiðslu iðnaðarvara til útflutnings. Með þessum hætti vildu sjálfstæðismenn leggja grundvöllinn að stórátaki í virkjunarmálum landsins. Samkvæmt þessu lögðu sjálfstæðismenn fram á síðasta þingi einnig frumvarp til laga um ný orkuver.

Í þessu frumvarpi sjálfstæðismanna um ný orkuver var kveðið á um framkvæmdir í virkjunarmálum. Gert var ráð fyrir heildaráætlun um tiltekin verkefni, sem að yrði stefnt að lokið yrði á einum áratug. Hér var um að ræða stærsta átakið, sem enn hafði verið gert til að nýta orkulindir landsins til verðmætasköpunar fyrir þjóðarþúið. Þannig hefði verið tryggt, að fullnægt hefði verið þörfum hins almenna notanda. Með þessari aukningu vatnsvirkjana hefði innflutt olía verið að fullu leyst af hólmi, bæði til húshitunar og raforkuframleiðslu.

Slíkar orkuframkvæmdir hefðu getað skapað möguleika á nýtingu raforku til að framleiða nýja orkugjafa í stað þeirra, sem við nú flytjum inn, svo sem til rekstrar skipa og bifreiða. Það hefðu getað skapað möguleikar til að nota rafmagn beint til að knýja samgöngutæki. Það hefði verið séð fyrir nægri raforku til stórauðinnar iðnvæðingar, sbr. tillögu til þingsályktunar um iðnaðarstefnu, sem sjálfstæðismenn hafa lagt fram á þessu þingi. Orkuframkvæmdir þær, sem hér um ræddi, hefðu lagt grundvöll að stórauðinni iðnvæðingu og stóriðju og gjaldeyrisöflun í formi útfluttrar iðnaðarvöru. Slíkar framkvæmdir hefðu verið besta tryggingin fyrir bættum lífskjörum og atvinnuöryggi landsmanna. Stórauðin hagnýting orkulinda landsins hlýtur að hafa verið hið rétta andsvar við þverrandi orkulindum í heiminum og hækkandi orkuverði.

Framkvæmdir þær, sem frumvarp þetta fóll í sér, voru raforkuver allt að 330 MW í Jökulsá í Fljótsdal, raforkuver allt að 180 MW í Blöndu, raforkuver allt að 130 MW við Sultartanga og stækkun Hrauneyjafossvirkjunar allt að 70 MW. Þessar framkvæmdir námu samtals 710 MW og er það 104% aukning frá uppsettu afli í núverandi vatnsaflsvirkjunum, alls 680 MW.

Frumvarp okkar sjálfstæðismanna um ný orkuver náði ekki fram að ganga. Hins vegar lagði ríkisstjórnin fram á síðasta þingi frumvarp til laga um raforkuver. Frumvarp þetta var samþykkt sem lög frá Alþingi. Lög þessi heimila þær virkjanir, sem um var að ræða í frumvarpi okkar sjálfstæðismanna. En sá galli var á gjöf Njarðar, að ríkisstjórnin aðhafðist ekkert í stóriðjumálunum til þess að skapa grundvöll fyrir þeim stórvirkjunum, sem hér er um að ræða. Lögin frá síðasta þingi um raforkuver eru því algjörlega óraunhæf, ef reisa ætti á 10 árum eða svo þær stórvirkjanir, sem lögin fjalla um. Að svo miklu leyti sem lögin marka nokkra stefnu er þar tekinn versti kosturinn. Þar er ekki um að ræða framkvæmdir, sem eru einungis miðaðar við almennar þarfir heimilisnotkunar, húshitunar og almenns iðnaðar. Þar er ekki heldur gert ráð fyrir stóriðju, sem er grundvöllur að stórátaki í virkjunarmálunum. Valinn er versti kosturinn, stórvirkjanir án nauðsynlegs orkumarkaðar, sem stóriðjan ein getur skapað. Slík stefna — eða réttara sagt stefnuleysi — leiðir til sjálfheldu í orkumálum þjóðarinnar.

Tillaga til þingsályktunar um hagnýtingu orkulinda landsins til stóriðju, sem við sjálfstæðismenn nú leggjum fram, felur í sér leiðina til þess að bæta úr þessu ófremdarástandi. Ef tillaga þessi yrði samþykkt, þýddi það skipulegar og markvissar aðgerðir til þess að koma upp stóriðju, sem er forsenda fyrir stórvirkjunum þeim, sem lögin um raforkuver frá síðasta þingi fjalla um.

Í tillögu þessari til þingsályktunar er lagt til, að sett skuli á stofn nefnd, sem vinni að hagnýtingu orkulinda landsins til stóriðju, svo að auka megi atvinnu um land allt og bæta lífskjör þjóðarinnar. Gert er ráð fyrir að nefndina skipi 7 menn, kjörnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára í senn. Skal nefndin skipta með sér verkum. Stóriðjunefnd, sem var fyrrum, var skipuð af iðnaðarráðherra til óákveðins tíma. Örlög og hlutverk þeirrar nefndar voru komin undir ráðherra og með ákvörðun ráðherra var hún lögð niður. En í tillögu þessari er farið inn á nýjar brautir. Í fyrsta lagi er Alþingi ætlað að kjósa nefndina, svo að tilvera hennar sé ekki komin undir duttlungum ráðherra. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að hér verði um fastanefnd að ræða, þar sem verkefni hennar hljóta að vera varanleg í mörg ár eða áratugi.

Verkefni það, sem nefndinni er ætlað, er bæði víðtækt og vandasamt. Nefndin á að gera tillögur um stóriðjuframkvæmdir, en slíkar tillögur hljóta að byggjast á margháttuðum atvuginum og rannsóknum.

Pegar velja á verkefni í stóriðjuframkvæmdum er það undirstöðuatriði, að rannsókuð sé hagkvæmni hinna ýmsu framleiðslugreina, sem til álitu koma. Hér hljóta að koma til athugunar margþætt atriði og margslungin. Margt er það sem ræður hagkvæmni hinna einstöku framleiðslugreina. Er þar helst til að taka orkuverð, flutningskostnað og markaðsmöguleika.

Stóriðjumöguleikar eru raunar algerlega háðir því, að reistar verði nægilega margar og stórar virkjanir á næstu árum og áratugum. Hér er um að ræða bæði virkjun fallvatna og jarðvarma eftir því sem nauðsyn krefur og hagkvæmt þykir. Með tilliti til staðsetningar nýrra stóriðjuvera hljóta að ráðast forgangsverkefni við undirbúning nýrra orkuvera, orkuveitna og annarra nauðsynlegra mannvirkja.

Stóriðjunefnd er ætlað að eiga frumkvæði að og samræma samningaviðræður milli virkjunaraðila og annarra innlendra aðila annars vegar og stóriðjufyrirtækja hins vegar um eignaraðild, orkusölu, staðsetningu stóriðjuvera o. fl.

Þó að við Íslendingar höfum nú þegar nokkra reynslu af stóriðju, sem ómetanleg er, verðum við að gera ráð fyrir, að áfram þurfum við að leita samvinnu við útlendinga í þessum efnunum. Hér hlýtur ýmislegt að koma til greina. Gæti það verið á sviði tækni, þar sem við hefðum ekki áður aflað okkur nægilegrar reynslu. Það gæti verið nauðsynlegt að koma á samvinnu við erlenda aðila um sölu og markaðsmál. Þá getum við ekki komið upp stóriðju nema með fjármagni erlendis frá í einu eða öðru formi. Eignaraðild Íslendinga að stóriðjufyrirtækjum og samstarfssamningar við útlendinga um önnur atriði hljóta að ráðast af eðli máls og aðstæðum á hverjum tíma. Margvíslegir kostir geta því komið til greina. En rétt er að stefna að því með samningum, að Íslendingar eignist stóriðjufyrirtækin í landi sínu eftir því sem tímar líða og möguleikar eru fyrir hendi. Hafa verður í huga, að farsælast er að atvinnurekstur hér á landi sé að sem mestu leyti í höndum innlendra einstaklinga og samtaka þeirra. Aðild ríkisins og sveitarfélaga kemur þó til greina um stundarsakir, þar til einkaaðilar hafa bolmagn til að taka við honum, þegar um er að ræða þjóðhagslega hagkvæma starfsemi, sem ekki er grundvöllur fyrir með öðrum hætti.

Í tillögunni er stóriðjunefnd veitt heimild til að hafa samstarf, eftir því sem þörf krefur, við hvern þann aðila, sem hefur sérþekkingu á málum er varða störf hennar. Í þessu sambandi eru tilltekin stjórnvöld, stofnanir orkukerfisins, umhverfismála, efnahags- og fjármála svo og rannsóknastofnanir. Tekið er og fram, að opinberum aðilum sé skylt að veita nefndinni hverjar þær upplýsingar sem hún óskar. Þetta leiðir af því, að stóriðjunefnd er ekki ætlað að stunda rannsókn- og þróunarstarfsemi á sviði iðnaðar- og orkumála, heldur byggja á því starfi, sem unnið er af stofnunum og fyrirtækjum sem fyrir eru í landinu.

Þó að ekki sé ætlunin að koma upp sérstöku bákni fyrir stóriðjunefnd og starfsemi hennar, er augljóst að störf á vegum nefndarinnar verða ekki unnin einungis í hjástundavinnu. Þess vegna þykir nauðsynlegt, að stóriðjunefnd ráði sér framkvæmdastjóra. Er gert ráð fyrir þessu í þingsályktunartillögunni svo og að framkvæmdastjóri ráði aðra starfsmenn, sem þörf er á, að fengnu samþykki nefndarinnar.

Það liggur í hlutarins eðli, að kostnaður af starfi stóriðjunefndar greiðist úr ríkissjóði og enn fremur að stóriðjunefnd skuli skila árlega skýrslu til Alþingis um störf sín. Tillagan gerir ráð fyrir þessu hvoru tveggja.

Jafnframt því sem tillagan kveður á um tilgang, skipan og hlutverk stóriðjunefndarinnar eru verkefni nefndarinnar á næstu árum tiltekin sérstaklega. Kveðið er svo á, að stóriðjunefnd skuli vinna að því að á fót verði komið a. m. k. þremur til fjórum nýjum stóriðjuverum á næstu 15 árum, á þeim stöðum á landinu þar sem þess er þörf og henta þykir, m. a. með tilliti til þeirra virkjana, sem reisa þarf til að sjá þeim fyrir orku. Hér er kveðið á um framkvæmdahraða, sem tekur mið af atvinnuþörf þjóðarinnar og byggðaáætlunum. Sérstaklega skal tekið fram, að í frumvarpi sjálfstæðismanna á síðasta þingi um ný orkuver var Fljótsdalsvirkjun bundin stóriðju á Austurlandi. Þetta kemur til af því, að hagkvæmni Fljótsdalsvirkjunar er nátengd því, að við hlið hennar komi stóriðjuver. Sjálfstæðismenn fluttu og breytingartillögu á síðasta þingi við frumvarp ríkisstjórnarinnar að lögum um orkuver. Þar var um að ræða fyrirmæli til ríkisstjórnarinnar um að leita þegar eftir samningum um sölu raforku til orkufreks iðnaðar með stóriðju staðsetta á Reyðarfirði fyrir augum. Tillaga þessi náði þá ekki fram að ganga. En það er stefna Sjálfstæðisflokksins eftir sem

áður, að þegar verði unnið að því að setja stóriðju á stofn á Reyðarfirði. Auk nýrra stóriðjuvera, sem tillagan gerir ráð fyrir, er stóriðjunefnd ætlað að vinna að því, að stóriðjuverin í Straumsvík og Grundartanga verði stækkuð sem fyrst.